

Nr. 49.

16.
nóvbr.

Lög

um

skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hver prestur í þjóðkirkjunni, sem hefur rjett til eptirlauna og kvænzt hefir innan 60 ára aldurs, er skyldur að tryggja ekkju sinni árlegan lífeyri, er ekki sje minni en 300 kr.

Kosti lífeyririnn prestinn meira en 65 kr. á ári, greiðist það, sem umfram er, úr landssjóði, eigi prestur í hlut, sem situr í embætti þegar lög þessi ganga í gildi.

2. gr.

Lífeyrinn skal kaupa hjá lífsábyrgðarstofnun ríkisins, enda geymir landstjórnin eignarskírteini fyrir lífeyrinum.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist, að iðgjöldin eða sá hluti þeirra, sem prestur ber að leggja fram samkvæmt 1. gr., verði greidd í gjalddaga, en hefur aptur lögtaksrjett, samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, fyrir þeim framlögum sínum á hendur prestu. Nú deyr prestur og landssjóður hefur ekki getað komið fram lögtaki fyrir iðgjaldi, og má þá landssjóður halda inni af lífeyri ekkjunnar því, er hann lagði fram fyrir prest, en ekki náði með lögtaki.

4. gr.

Ekki má gefa prest innan 60 ára aldurs saman í hjónaband, fyr en presturinn hefur sannað með vottorði prófests síns, að hann hafi sent landstjórninni beiðni til lífsábyrgðarstofnunarinnar um að mega kaupa lífeyri handa ekkju sinni. Ef út af þessu er brugðið, varðar það 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

5. gr.

Nú er hjónabandi prests slitið til fulls, og fellur þá jafnframt niður framfærsluskylda hans eptir lögum þessum.

Nr. 49. Lög 16. nóvember um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

LOV

om

Nr. 49.
16.
Novbr.

Præsters Forpligtelse til at sikre deres Enker Overlevelsesserter.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Enhver Præst i Folkekirken, som har Ret til Pension og har indgaaet Ægteskab inden 60 Aars Alder, er pligtig at sikre sin Enke en aarlig Overlevelsesserter ikke under 300 Kr.

Koster Overlevelsesserteren Præsten mere end 65 Kr. aarlig, erlægges det overskydende af Landskassen, naar vedkommende Præst sidder i Embede ved denne Lovs Ikrafttræden.

§ 2.

Overlevelsesserteren købes hos Statsanstalten for Livsforsikring og Policen for samme opbevares hos Regeringen.

§ 3.

Landskassen garanterer, at Præmien eller den Del af samme, som Præsten bør udrede ifølge § 1, erlægges til Forfaldsdagen, men til Gengæld tilkommer der den overensstemmende med Lov Nr. 29 af 16. December 1885 Udpantningsret hos Præsten for disse sine Forskud. Dør Præsten uden at Landskassen har kunnet iværksætte Udpantning for Præmien, kan Landskassen indeholde i Enkens Overlevelsesserter det Beløb, den har foreskudt for Præsten og ikke faaet dækket ved Udpantning.

§ 4.

En Præst inden 60 Aars Alder maa ikke vies til Ægteskab forinden han ved en Attest fra sin Provst har godtgjort at have sendt Regeringen Andragende til Statsanstalten for Livsforsikring om at maatte sikre sin Enke en Overlevelsesserter. Overtrædelse heraf straffes med en Bøde af 200 Kr. til Præstelønningsfonden.

§ 5.

Saasnaert en Præsts Ægteskab endelig ophæves, bortfalder hans Forsørgelsespligt ifølge nærværende Lov.

Nr. 49. Lov af 16. November om Præsters Forpligtelse til at sikre deres Enker Overlevelsesserter.

Nr. 49.
16.
nóvbr.

6. gr.

Deyi prestur frá jólum til fardaga, á ekkjan heiming á ábúð háls prestssetursins fyrir sjálfa sig afgjaldslaust næsta fardagaár. Þó nær rjettur þessi ekki til hlunninda hálfendunnar, svo sem æðardúns, selveiði, fuglatekju og þess háttar.

7. gr.

Nú æskir ekkja eptir prest, er dó í embætti, að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hún þá eiga forgangsrjett fyrir öðrum að öðru jöfnu.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta fardag 1908, þannig, að þeir, sem fá veitingu fyrir prestsembætti frá þeim tíma eða síðar, eru skyldir að sjá fyrir ekkjum sínum samkvæmt lögum þessum. Þær ekkjur, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa fengið eptirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af embættum manna sinna, skulu, jafnóðum og hin eptirlaunaskyldu prestaköll losna, eða á annan hátt komast undir ákvæði hinna nýju launalaga, fá þau eptirlaun sín greidd úr landssjóði, svo sem þær ekkjur, er fengið hafa eptirlaun sín úr landssjóði að öllu eða nokkru leyti, einnig halda eptirlaunum óbreyttum. Loks greiðist og úr landssjóði eptirlaun ekkna eptir þá presta, sem deyja í þeim embættum, er þeir höfðu, er lög þessi ganga í gildi.

Lög nr. 13, frá 3. oktbr. 1884 og lög nr. 36, frá 13. des. 1895 ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ná gildi.

Svo er og konungsbrjef 5. júní 1750 sbr. 5. gr. 4. málsgr. í tilsk. 15. des. 1865 og 4.—5. gr. í tilsk. 6. jan. 1847 um fardaga presta m. m. að sama skapi úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 6.

Afgaar en Præst ved Døden mellem Jul og Fardag, har Enken Krav paa Brugen og Benyttelsen af den halve Præstegaard for sig selv afgiftsfrit næste Fardagaar. Dog omfatter denne Ret ikke den halve Gaards Herligheder, saasom Ederdun, Sælhundefangst, Fuglefangst og deslige.

§ 7.

Ønsker Enken efter en i Embede afdød Præst at faa til Brug og Benyttelse en Kirken tilhørende bygselledig Jord inden Præstekaldet, har hun Forgangsret hertil fremfor andre under lige Vilkaar.

§ 8.

Denne Lov træder i Kraft den første Fardag 1908, saaledes at enhver, der bliver kaldet til et Præsteembede efter den Dag, er pligtig til at forsørge sin Enke overensstemmende med nærværende Lov. De Enker, som i Henhold til den hidtil gældende Lovgivning have faaet deres Pension helt eller delvis erlagte af deres Mænds Embeder, skulle, efterhaanden som de pensionspligtige Præstekald blive ledige eller paa anden Maade komme ind under Præstelønningslovens Omraade, faa denne sin Pension udredet af Landskassen, ligesom ogsaa de Enker, som have faaet deres Pension helt eller delvis udredet af Landskassen, beholde deres Pension uforandret. Endelig udredes endvidere af Landskassen Pension til Enker efter de Præster, som dø i de Embeder, som de beklædte den Gang nærværende Lov traadte i Kraft.

Lov Nr. 13 af 3. Oktober 1884 og Lov Nr. 36 af 13. December 1895 ophæves i samme Maal som nærværende Lov træder i Kraft.

Ligeledes ophæves Reskript 5. Juni 1750, jfr. Frd. 15. December 1865, § 5, 4. Stykke og Frd. 6. Jan. 1847 ang. Præstekalds Tiltrædelse m. v. §§ 4 og 5 i samme Maal.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.